

Cruise Iceland

Heimasíða: www.cruiseiceland.com

Ársskýrsla

2022/2023



Aðalfundur haldinn á
Sauðárkrók 2. maí 2023

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur samtakanna var haldinn á Hótel Natura þann 6. maí 2022 og var ágætlega sóttur. Á þeim fundi var kosin ný stjórn sem skipti með sér verkum. Pétur Ólafsson var kosinn formaður, Gunnar Rafn Birgisson varaformaður, Emma Kjartansdóttir gjaldkeri og meðstjórnendur þeir Blængur Blængsson og Gísli Jóhann Hallsson.

Þrátt fyrir góðar bókanir skipa til landsins sumarið 2022, var ekki öruggt hvort skipin myndu skila sér samkvæmt þeim bókunum sem borist höfðu, því tvö undangengin ár hafði heimsfaraldurinn haft mikil áhrif.

Þegar upp var staðið komu svo til öll skip en þó var bókunarhlutfall farþega í skipunum töluvert lægra en árin fyrir heimsfaraldur, eða aðeins um 70%, en bókunarhlutfall árána fyrir heimsfaraldur var 95 - 96%. Mikið reyndi á alla innviði enda voru flestir ekki búnir að ná vopnum sínum eftir heimsfaraldurinn. Menn gerðu þó sitt besta og má segja að sumarið hafi sloppið fyrir horn.



Þegar leið á haustið var orðið nokkuð ljóst að bókanir fyrir komandi sumar voru gríðarlega miklar og var því m.a. slegið upp í fjölmiðlum og voru andstæðingar skemmtiferðaskipa fyrirferðamiklir í þeirri umræðu. Það er ljóst að margir hafa áhyggjur af þessari miklu aukningu bæði innan samtakanna og utan. Nokkrum

fulltrúum innan Cruise Iceland barst erindi frá SAF þar sem lýst var yfir áhyggjum varðandi þessa miklu aukningu. Einnig fór fráfarandi ferðamálastjóri mikinn í fjölmiðlum á síðustu dögum í embætti þar sem hann talaði ítrekað gegn betri vitund sem olli mikilli og neikvæðri umræðu í samfélaginu. Í kjölfarið ákvað stjórn CI að ráða tímabundið til starfa Ingvar Örn Ingvarsson fjölmiðlafulltrúa hjá Cohn & Wolf til að sinna og aðstoða við greiningu á umfjöllunum um skemmtiferðaskip á Íslandi sem og að bregðast við á opinberum vettvangi. Hans fyrsta mat, eftir að hafa skoðað gögn síðust mánaða, var að lítil neikvæð umfjöllun hefði verið, en vissulega væri hún töluvert hávær. Kom þetta honum nokkuð á óvart. Með aðstoð Ingvars telur stjórn CI að tekist hafi að snúa umræðunni örlítið við. Í umræðu á opinberum vettvangi hefur CI bent á eftirfarandi staðreyndir:

1. Skipin dreifa farþegunum best allra ferðamáta um landið.
2. Koma skipanna í minni hafnir hefur verulega bætt rekstur margra hafnasjóða.
3. Gríðarleg aukning hefur verið í farþegaskiptum skemmtiferðaskipa og hefur virðisauki farþega skipanna vaxið mikið við þessa aukning.
4. Faxaflóahafnir hafa tekið upp svokallað EPI umhverfisstjórnunarkerfi að norskri fyrimynd sem, samanber reynslu frá Noregi, halda mun Meira mengandi skipum frá Íslandi. Mjög líklegt er að fleiri hafnir munu taka upp EPI á næsta ári.
5. Farþegaskiptin styrkja mjög flug til landsins en lauslega áætlað fljúga 500 flugvélar með skiptifarþega skemmtiferðaskipa í sumar til og frá landinu ásamt því að stuðla að því að sömu farþegar kaupa 200-300 þúsund gistinætur í Reykjavík.



Í lok nóvember var haldinn stór fundur á Hótel KEA á Akureyri með stjórn CI og fulltrúum frá markaðsstofum landshlutanna, SAF og fleirum. Fundurinn var afar fræðandi og ljóst að það voru ýmis mál sem fundargestir vildu tjá sig um.

Haldinn var framhaldsfundur í Reykjavík í febrúar s.l. með markaðsskrifstofum landshlutanna og Gyðu Guðmundsdóttur frá AECO þar sem hún meðal annars kynnti markmið og stefnu AECO. Margt mjög gott koma fram á þessum fundum og ljóst að þeir voru löngu tímabærir. Í framhaldinu hafa markaðsskrifstofurnar flestar verið með góða vinnu heima í héraði þar sem verið er að greina ýmsa þætti til að bæta alla móttöku og framtíðarsýn. Á nokkrum stöðum stöðum hefur verið farið í greiningu á þolmörkum ferðamannastaða með það að markmiði að hámarka upplifun ferðamannsins.

Í apríl s.l. áttu fulltrúar Cruise Iceland fund með fulltrúum Ferðamálastofu um þá sameiginlegu sýn beggja aðila að greina þurfi betur virðisauka þeirra ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum. Á fundinum kom fram að Ferðamálastofa telur það vera sitt verk að framkvæma slíkar kannanir líkt og þeir gera allt árið um kring á Keflavíkurflugvelli og mun hún vinna að því á árinu 2023 að afla fjár og undirbúa könnun sem verður framkvæmd árið 2024 og árlega eftir það.

Í rúm tvö ár hefur verið unnið við smíði á samræmdu bókunarkerfi til að halda utan um komur skemmiferðaskipa til Íslenskra hafna. Hugbúnaðarfyritækið Splitti sá að mestu um smíði kerfisins. Í mars mánuði síðastliðnum gengu síðan Faxaflóahafnir frá kaupum á kerfinu og munu í framtíðinni sjá um rekstur og þróun og sölu á kerfinu. Útgerðir skemmtiferðaskipa hafa í langan tíma kallað eftir slíku kerfi og vonir eru gerðar til þess að það dreifi skipunum enn betur um landið og jafni álag á hafnir og innviði.

Á starfsárinu bættust tvö fyrirtæki við samtökin, annars vegar ferðaskrifstofan Nonni á Akureyri og hins vegar hafnir Snæfellsbæjar. Eru þau hér með boðin formlega velkomin í hópinn.

Við þökkum Þorleifi Þór Jónssyni starfsmanni samtakanna kærlega fyrir gott á ánægjulegt samstarf. Reynsla hans úr ferðageiranum er ómetanleg og mun eflaust nýtast okkur vel á næstu árum.



Afkoma ársins

Heildartekjur samtakanna árið 2022 voru 12.939.929 kr. en kostnaður nam um 10.399.640 kr. og því hagnaður á rekstrinum upp á 1.577.842 kr.

Stjórn

Stjórnin hittist 10 sinnum á árinu og voru fundirnir bæði viðverufundir og eins teams fundir. Aðalfundur var haldinn í Reykjavík í maí 2022. Eins og áður var þeim sið haldið að boða einnig varamenn til fundar og var þátttaka almennt nokkuð góð. Aðalfundur samtakanna 2023 verður haldinn á Sauðárkók.

Á aðalfundi voru eftirtaldir kosnir í stjórn Cruise Iceland fyrir árið 2022-2023:

Aðalmenn:

Emma Kjartansdóttir, Iceland Travel
Gísli Jóhann Hallsson, Faxaflóahafnir sf.
Gunnar Rafn Birgisson, Ferðaskrifstofan Atlantik
Blængur Blængsson, Samskip
Pétur Ólafsson, Hafnasamlag Norðurlands

Varamenn:

Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hafnir Múlaþings
Aníta Elefsen, Hafnir Fjallabyggðar
Íris Jóhannsdóttir, Gára
Guðmundur M. Kristjánsson, Ísafjarðarhöfn (Hilmar Lyngmo skipti við
Guðmund 1.jan 2023)
Hafsteinn Garðarsson, Grundarfjarðarhöfn

Stjórnarmeðlimir eru kosnir ár í senn.

Markaðsstarf á vegum Cruise Iceland

Markaðsstarf almennt hefur lifnað aftur við eftir heimsfaraldurinn. Samtökin tóku m.a. þátt í Seatrade sýningunni í Malaga í september 2022 og eins voru fulltrúar frá Cruise Iceland í Fort Loderdale í mars 2023. Einnig fóru fulltrúar samtakanna á AECO ráðstefnu í Ósló s.l. haust.

Fjöldi farþega og komur skemmtiferðaskipa til íslenskra hafna 2017-2022

Um 201 skemmtiferðaskip kom til landsins árið 2022 með um 175.089 farþega. Eftirfarandi tölur eru samtölur þeirra skipa sem koma til hafna Faxaflóahafna og Hafnarjarðarhafna.

Harbors	2017		2018		2019		2020		2021		2022	
	Ships	Passengers	Ships	Passengers	Ships	Passengers	Ships	Passengers	Ships	Passengers	Ships	Passengers
Port of Akranes	1	181	12	792	7	552	0	0	7	698	0	-
Port of Akureyri	124	109,365	138	121,196	155	146,016	0	0	46	17,47	155	129,721
Port of Djúpvogur	25	9,365	28	8,457	28	7,334	4	206	32	12,944	31	9,998
Port of Eskifjörður	7	4,121	5	3,609	11	6,427	0	0	0	0	2	1,774
Port of Grimsey	31	6,2	29	4,672	32	48,39	3	116	23	3,292	29	4,498
Port of Grundarfjörður	26	11,142	28	10,585	52	17,681	0	0	32	3,864	42	25,584
Port of Hafnarfjörður	15	7,635	15	4,592	18	4,007	1	38	16	1,968	17	4,319
Port of Hrísey	0	0	12	2,05	12	18,37	4	152	5	655	16	2,022
Port of Húsavík	33	6,971	40	7,306	28	4,783	0	0	21	3,061	36	7,916
Port of Höfn	3	382	3	320	0	0	0	0	0	0	0	0
Port of Ísafjörður	95	78,732	106	91,683	126	97,839	0	0	55	18,654	118	86,286
Port of Raufarhöfn	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-
Port of Reykjaneshöfn	0	0	0	0	0	0	0	0	1	71	0	-
Port of Reykjavík	134	127,913	128	143,074	183	188,078	7	1,346	61	18,252	184	170,770
Port of Sauðárkrúkur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	1,577
Port of Seyðisfjörður	42	19,973	56	29,146	68	40,565	4	145	47	16,661	72	42,489
Port of Siglufjörður	22	4,61	40	7,006	38	7,241	0	0	16	3,76	26	5,917
Port of Skagastrandarhöfn	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-
Port of Stykkishólmur	15	2,471	20	3,36	26	4,335	0	0	2	268	17	2,994
Port of Vestmannaeyjar	50	12,138	53	12,73	65	13,038	5	200	49	9,397	62	14,675
Port of Vesturbyggð	0	0	20	1,128	26	4,096	0	0	0	0	0	-
Port of Þorlákshöfn	0	0	1	182	1	184	0	0	0	0	0	-
Total*	622	401,018	722	451,096	869	548,852	28	2,203	413	110,361	812	510,540

Aðilar að Cruise Iceland 1. maí 2023

Hafnir

1	Faxaflóahafnir	Sigurður Jökull Ólafsson/Gísli Jóhann Hallsson
2	Fjallabyggð	Anita Elefsen
3	Grundarfjarðarhöfn	Hafsteinn Garðarsson
4	Hafnarfjarðarhöfn	Lúðvík Geirsson
5	Hafnarsjóður Fjarðarbyggðar	Valgeir Ægir Ingólfsson
6	Hafnasamlag Norðurlands	Sigríður Róbertsdóttir/Pétur Ólafsson
7	Hafnasjóður Norðurlands	Pórir Örn Gunnarsson
8	Hafnir Múlaþings	Aðalheiður Borgþórsdóttir
9	Hafnir Snæfellsbæjar	Björn Arnaldsson
10	Ísafjarðarhöfn	Hilmar Lyngmo
11	Reykjaneshöfn	Halldór K. Hermannsson
12	Skagastrandarhöfn	Alexandra Jóhannesdóttir
13	Stykkishólmshöfn	Hrannar Pétursson
14	Sveitafélagið Skagafjörður	Dagur Þ. Baldvinsson
15	Vestmannaeyjahöfn	Dóra Björk Gunnarsdóttir
16	Vesturbyggð	Elfar Steinn Karlsson
17	Þorlákshöfn	Hjörtur B. Jónsson

Ferðapjónustuaðilar

18	Atlantik	Gunnar Rafn Birgisson
19	Nonni Travel	Ingi Þór Guðmundsson
20	Norðurlflug	Birgir Haraldsson
21	Iceland Travel	Emma Kjartansdóttir
22	Arctic Adventures	Gréta María Grétarsdóttir
23	Gára	Jóhann Bogason (Íris Jóhannsdóttir)
24	Samskip	Blængur Blængsson

Annað

25	Ekran	Einar Páll Tómasson
----	-------	---------------------



Fjárhagsáætlun Cruise Iceland 2023 og 2024

Fjárhagsáætlun Cruise Iceland 2023 og 2024

	2023	2024
Rekstrartekjur		
Félagsgjöld (24 meðlimur, árgjald 340.000 og hækkar í 360.000)	8.160.000	8.640.000
Þátttökugjald vegna sýningar í USA	2.375.000	2.800.000
Þátttökugjald vegna sýningar í Hamborg/ Evrópu	3.800.000	3.900.000
Styrkur frá Hafnasambandinu vegna þjónustukönnunar		1.000.000
Heildartekjur	14.335.000	16.340.000
Rekstrargjöld		
Samningur við Íslandsstofu	3.600.000	3.600.000
Kostnaður vegna heimasíðu	1.000.000	500.000
Kostnaður vegna sýningar í USA	2.700.000	2.700.000
Kostnaður vegna sýningar í Hamborg	2.700.000	2.800.000
Kostnaður vegna sýningar í Malaga		
Kostnaður vegna heimsóknar erlendra gesta	-	2.000.000
Aðkeypt þjónusta, endurskoðun	480.000	490.000
Kostnaður vegna funda	300.000	350.000
Þjónustugjöld í banka	45.000	45.000
PR	2.500.000	2.800.000
Þjónustukönnun	-	2.000.000
Annar rekstrarkostnaður	300.000	300.000
Heildar rekstrargjöld	13.625.000	17.585.000
Hagnaður/tap ársins	710.000 -	1.245.000



Föngulegur hópur á Seatrade sýningu í Fort Lauderdale vorið 2023

Ársreikningur 2022

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		6.642.500	4.290.000
Þátttökugjöld vegna sýninga		5.750.000	0
Framlag frá Íslandsstofu		547.426	0
		<u>12.939.926</u>	<u>4.290.000</u>
Rekstrargjöld			
Laun		0	696.375
Launatengd gjöld		0	145.338
Ókutækjastyrkur		0	105.000
Markaðsstarf og kynningarefni		0	319.716
Samningur við Íslandsstofu um daglega umsýslu		3.300.000	0
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta		289.466	226.460
Sýningarkostnaður		5.097.988	242.622
Kostnaður vegna AECO		376.859	218.144
Bókhald og reikningsskil		493.037	474.988
Fundakostnaður		785.471	248.176
Þjónustugjöld		34.300	35.339
Annar rekstrarkostnaður		22.519	0
		<u>10.399.640</u>	<u>2.712.158</u>
Rekstrarhagnaður		2.540.286	1.577.842
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		20.336	5.130
Vaxtagjöld		(1.695)	(3.075)
		<u>18.641</u>	<u>2.055</u>
Hagnaður ársins	3	<u>2.558.927</u>	<u>1.579.897</u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Fyrirframgreiddur kostnaður		2.596.464	1.546.692
Handbært fé		8.509.180	7.081.933
	Veltufjármunir	<u>11.105.644</u>	<u>8.628.625</u>
	Eignir samtals	<u>11.105.644</u>	<u>8.628.625</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		11.100.484	8.541.557
	Eigið fé 3	<u>11.100.484</u>	<u>8.541.557</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		5.160	87.068
	Skuldir	<u>5.160</u>	<u>87.068</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>11.105.644</u>	<u>8.628.625</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	3	2.558.927	1.579.897
	Veltufé frá rekstri	<u>2.558.927</u>	<u>1.579.897</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður, (hækkun) lækkun	(1.049.772)	296.302
Skammtímaskuldir, lækkun	(81.908)	(214.255)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	(<u>1.131.680)</u>	<u>82.047</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>1.427.247</u>	<u>1.661.944</u>
Hækkun á handbæru fé		1.427.247	1.661.944
Handbært fé í ársbyrjun		7.081.933	5.419.989
Handbært fé í árslok		<u>8.509.180</u>	<u>7.081.933</u>



EPI

ENVIRONMENTAL
PORT INDEX

Umhverfiseinkunnarkerfi fyrir skemmtiferðaskip

- ✓ Fjárhagslegt hvatakerfi til umhverfisvænni og sjálfbærari rekstur skemmtiferðaskipa
- ✓ Ívilnum eða álögur eftir umhverfishegðun skemmtiferðaskipa
- ✓ Det Norske Veritas heldur utan um og reiknar út umhverfiseinkunn
- ✓ Við innleiðingu hjá Faxaflóahöfnum var stuðst við fyrirkomulag hafnarinnar í Stavanger, sem jafnframt er það fyrirkomulag sem DNV mælir með



EPI

ENVIRONMENTAL
PORT INDEX

Árangur EPI í Noregi

- ✓ Frá upphafi hefur meðaleinkunn hækkað árlega um **11 EPI** stig
- ✓ Greining DNV hefur sýnt að skip hafa möguleika á bæta umhverfisframmistöðu um **18 EPI** stig að meðaltali
- ✓ Meðalaldur skipa í Noregi hefur lækkað um 10 ár



Samþykktir CRUISE ICELAND

1. HEITI OG HEIMILI

Samtökin heita Cruise Iceland, skammstafað C.I.

Heimili félagsins, varnarþing og skrifstofa er í Reykjavík. Heimilt er að reka útibú eða skrifstofur annars staðar innanlands eða utan.

2. MEGINHLUTVERK OG TILGANGUR

Markmið samtakanna er að:

1. Að auka og þróa markaðssetningu Íslands og nánasta umhverfi þess, sem ákjósanlegs áfangastaðar skemmtiskipa, stuðla að fjölgun viðkomustaða á Íslandi og lengja dvöl skipa í höfn.
2. Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi þeirra aðila sem eiga hagsmuna að gæta varðandi komu skemmtiskipa til Íslands með það að markmiði að bæta aðstöðu skemmtiskipa og farþega, taka þátt í og örva umræður um öryggismál skipa og farþega og stuðla að áætlunarferðum í kringum Ísland (hringferðir).
3. Að eiga samstarf við hliðstæð samtök erlendis, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og stuðla að sjálfstæðu kynningarstarfi í útlöndum og stuðla að því að Ísland verði markaður fyrir farþegaskipti.
4. Að stuðla að nánari samvinnu við stjórnvöld og hafa þannig áhrif á stefnu þeirra og annarra aðila sem tengjast starfsemi skemmtiskipa með það að markmiði að íslenskum fyrirtækjum verði búin starfsaðstaða sem gerir iðnaðinn samkeppnishæfan á innlendum og erlendum mörkuðum.
5. Að bæta vörupróun í afþreyingu og verslun og auka og efla kynningu á þeim vettvangi.
6. Halda úti öflugri vefsíðu www.cruiseiceland.com

3. AÐILD OG SKILYRÐI AÐILDAR

Aðilar að C.I. geta orðið fyrirtæki, einstaklingar og sjálfstæðir atvinnurekendur sem starfa í þjónustuiðnaði við skemmtiskip eða skyldum greinum og allir þeir aðilar sem á einhvern hátt að málendum skemmtiskipa koma.

4. UMSÓKN UM AÐILD

Inntökubeiðni í C.I. skal vera skrifleg og sendast á stjórn þess. Með inntökubeiðni skulu fylgja upplýsingar um þann aðila sem sækir um, stjórn, stjórnendur, starfssvið, og fleira sem stjórnin

telur nauðsynlegt að fá upplýsingar um. Telst inntökubeiðni samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana og tekur aðild þá þegar gildi.

Áfrýja má til félagsfundar afgreiðslu stjórnar á inntökubeiðni.

5. ÚRSÖGN EÐA BROTTVIKNING

Úrsögn úr samtökunum skal vera skrifleg og sendast stjórn. Úrsögn skal miðast við áramót og tilkynnt með minnst sex mánaða fyrirvara.

Brjótí félagsaðili gegn samþykktum þessum, reglum eða fundarsamþykktum er stjórn C.I. heimilt að víkja viðkomandi úr samtökunum enda hafi félagsaðila verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Áfrýja má til félagsfundar afgreiðslu stjórnar á brottvikningu.

Úrsögn eða brottvikning leysir félagsaðila ekki undan greiðslu áfallinna árgjalda eða annarra skulda eða ábyrgða sem á honum hvílir.

Félagsaðila sem segir sig úr samtökunum eða er vikið úr þeim getur ekki eignast kröfur af neinu tagi á hendur C.I. í kjölfar úrsagnar eða brottvikningar.

6. AÐALFUNDUR

Aðalfundur hefur æðsta valdi í málefnum C.I. Aðalfundur skal halda fyrir lok maí mánaðar ár hvert og skal til hans boða með minnst fjögurra vikna fyrirvara með tilkynningu til félaga.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt eiga stjórnendur aðildarfyrirtækjanna og aðrir félagar.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega hefur verið til hans boðað án tillits til fundarsóknar nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg ef 1/5 hluti fundarmanna krefst þess.

Á dagskrá aðalfundar skal m.a. vera:

1. Kosning fundarstjóra
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
3. Reikningar samtakanna fyrir næstliðið reiknisár.
4. Tillaga stjórnar um fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
5. Breytingar á samþykktum félagsins enda séu þær kynntar í fundarboði.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning löggilts endurskoðanda.
8. Árgjald næsta árs.
9. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál.

7. FÉLAGSFUNDUR

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald milli aðalfunda í öllum málefnum C.I. innan þeirra marka sem samþykktir þessa setja.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað án tillits til fundarsóknar.

Félagsfundur skal halda þegar stjórn C.I. þykir við þurfa, eða ef félagsaðilar sem fara með minnst 1/5 hluta atkvæða óska þess. Ósk um félagsfundur skal senda stjórn C.I. og ber henni þá að boða til félagsfundar með trygglegum hætti án tafar, en þó með minnst þriggja daga fyrirvara, nema sérstaklega standi á.

Í fundarboði skal stuttlega getið þeirra mála sem taka skal fyrir á fundinum. Ályktunum um mál sem ekki er getið í fundarboði skal vísa til stjórnar.

Hverjum fundi stýrir formaður stjórnar eða kjörin fundarstjóri. Hann skal kynna sér í fundarbyrjun hvort löglega er til fundarins boðað og úrskurða þar um. Hann velur fundarritara úr hópi fundarmanna. Fundarstjóri skal stjórna atkvæðagreiðslu og annarri málsmeðferð. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg ef 1/5 hluti atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum öðrum en þeim sem samþykktir þessar kveða á um.

Í fundargerðum skulu koma fram allar samþykktir félagsfunda og stutt skýrsla um annað það sem gerist á félagsfundum. Fundargerð skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara og telst hún að þessum formsatriðum uppfylltum sönnunargagn þess sem fram fór á fundinum.

8. ATKVÆÐAMAGN

Á aðalfundi og öðrum félagsfundum hefur hver félagsaðili atkvæðamagn í hlutfalli við greitt félagsgjald fyrir næstliðið ár. Skal honum send tilkynning þar um fyrir stjórnarkjör sem fram fer í tengslum við aðalfund ár hvert og gildir það atkvæðamagn fyrir hvern og einn félagsaðila til næsta stjórnarkjörs að ári.

Hverjum heilum 1000 (eittþúsund) krónum í greiddum félagsgjöldum fylgir eitt atkvæði. Greiðslur eldri ársgjaldsskuldur reiknast ekki til atkvæða.

Félagsaðilar skulu að jafnaði fela eigin framkvæmdarstjórum eða stjórnarmönnum að fara með umboð sitt á félagsfundum, en heimilt er að fela umboðið öðrum. Umboð skal vera skriflegt.

9. STJÓRN og STJÓRNARKJÖR

Á aðalfundi skal kjósa fimm manna stjórn C.I. ásamt fimm varamönnum fyrir hvern og einn stjórnarmann.

Félagsaðilar skulu í síðasta lagi viku fyrir stjórnarfund tilkynna formanni stjórnar C.I. um að þeir hyggist bjóða sig fram til stjórnarsetu. Í þessari tilkynningu skal koma fram fullt nafn þess aðila sem býður sig fram til stjórnar og einnig fullt nafn varamanns sem tekur sæti aðalmanns ef hann forfallast.

Kjörgengir eru fulltrúar allra félagsaðila að C.I. og er kjör ekki bundið við þær tilnefningar sem borist hafa. Kosning fer þannig fram að rita skal á atkvæðaseðla nöfn þeirra fimm manna sem atkvæði skulu hljóta. Varamenn stjórnar eru ekki kosnir sérstaklega heldur fylja þeir aðalmönnum.

10. STJÓRNARFUNDIR OG VERKEFNI

Stjórn C.I. mótastefnu og meginárherslur og fer með yfirstjórn samtakanna á milli félagsfunda. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs úr sínum hópi formann, varaformann og ritara. Stjórnin heldur fundi ársfjórðungslega eða oftast ef minnst tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórn er kosin til eins árs í senn.

Formaður boðar til stjórnarfundar með minnst 7 daga fyrirvara. Í fundarboði skal getið helstu mála sem taka skal fyrir á fundinum. Stjórnarfundur er lögmatgur ef hann sækja auk formanns minnst fjórir

meðstjórnendur eða varamenn fyrir þá. Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í stjórn C.I. ræður atkvæði formanns úrslitum.

Ákvarðanir stjórnarfundna skal skrá í fundargerðir og skulu þær undirritaðar.

Alla samninga og skuldbindingar sem stjórnin gerir fyrir hönd C.I. samkvæmt samþykktum þessum og ákvörðunum félagsfunda eru bindandi fyrir alla félagsaðila, þó málefnið hafi ekki verið undir þá borið. Allar samþykktir félagsfunda skal kynna félagsaðilum svo fljótt sem verða má.

Firma C.I. ritar formaður og tveir stjórnarmenn saman. Stjórnin getur veitt prókúruumboð.

Við töku allra meiriháttarákvarðana þarf samþykki allra stjórnarmanna. Hér skal miða við að ákvörðunin snerti hagsmuni C.I. sem fara yfir 1. millj króna.

11. FRAMKVÆMDASTJÓRI

Stjórnin getur ráðið framkvæmdarstjóra og/eða aðra starfsmenn og ákveðið launakjör þeirra. Ef framkvæmdarstjóri er ráðinn stýrir hann starfsemi samtakanna í samráði við stjórnina. Hann hefur á hendi daglegan rekstur og eftirlit. Einnig gerir hann tillögur til stjórnar varðandi rekstur samtakanna og áherslur í starfsemi þeirra.

12. ÁRSREIKNINGUR

Fyrir marslok ár hvert skal stjórnin hafa lokið við gerð reikninga þeirra fyrir næstliðið reikniár og löggiltur endurskoðandi hafa endurskoðað þá.

Viku fyrir aðalfund skulu reikningur fyrir C.I. fyrir liðið ár ásamt athugasemdum endurskoðenda vera félagsaðilum til sýnis á skrifstofu samtakanna.

13. ÁRSGJÖLD

Aðalfundur ákveður árlega árgjald til samtakanna og gildir sú ákvörðun frá upphafi næsta árs.

Árgjöld skulu innheimt tvisvar á ári með gjalddögum 1. janúar og 1. júlí ár hvert, en eindaga mánuði eftir gjalddaga. Ef árgjald er ekki greitt á eindaga er heimilt að reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

Nýjrir félagar greiða árgjald frá og með þeim árshefningi sem er að líða þegar þeir eru teknir inn í samtökin.

Þeir sem segja sig úr samtökunum, greiða árgjald til þeirra áramóta þegar þeir ganga út. Þegar um brottvikningu er að ræða skal greiða árgjald til loka þess árshefningis er brottvikning fer fram. Aðilar að samtökunum bera ekki neina ábyrgð á skuldbindingum samtakanna umfram það sem leiðir af ákvæðum kafla þessa.

14. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

Breytingar á samþykktum þessum má aðeins gera á lögsmætum félagsfundi, enda hafi verið til þess getið í fundarboði að lagabreyting yrði til meðferða á félagsfundi og meginefni breytinganna kynnt í fundarboði. Til samþykktar lagabreytinga þarf minnst 2/3 hluta allra greiddra atkvæða á fundinum.

15. FÉLAGSLIT

Tillögu um slit á C.I. eða samruna þeirra við önnur samtök eða félög skal fara með á sama hátt og lagabreytingar, að öðru leyti en því að $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða á félagsfundi þarf til að samþykkja slit á samtökunum eða samruna þeirra við önnur félög. Slíka tillögu má ekki taka til afgreiðslu nema hún hafi verið kynnt í fundarboði.

Fundur sem samþykkir slit samtakanna eða samruna þeirra við önnur samtök á löglegan hátt skal einnig ákveða hvernig ráðstafa skuli eignum þeirra og greiðslu skulda.

16. GILDISTAKA

Samþykktir þessar öðlast fullt gildi frá og með 18. febrúar 2004.

